

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 3.66 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/193 frá 30. janúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.66.
- 3.67 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/261 frá 6. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.67.
- 4.74 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2023/192 frá 30. janúar 2023 um framkvæmd á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.74.
- 4.75 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2023/253 frá 6. febrúar 2023 um framkvæmd á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.75.
- 7.28 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/190 frá 27. janúar 2023 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.28.
- 7.29 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/191 frá 27. janúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.29.
- 7.30 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/252 frá 4. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.30.
- 8.20 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2023/180 frá 27. janúar 2023 um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2022/2474 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.20.
- 8.21 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/250 frá 4. febrúar 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.21.
- 8.22 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2023/251 frá 4. febrúar 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.22.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 21. febrúar 2023.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 3.66.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/193

frá 30. janúar 2023

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa:

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/193/oj>].

Fylgiskjal 3.67.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/261

frá 6. febrúar 2023

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa:

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/261/oj>].

Fylgiskjal 4.74.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/192

frá 30. janúar 2023

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Viðauka I við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt í samræmi við viðauka við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/192/oj].

Fylgiskjal 4.75.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2023/253

frá 6. febrúar 2023

um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu

Viðauka I við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt í samræmi við viðauka við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/253/oj].

Fylgiskjal 7.28.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (ESB) 2023/190****frá 27. janúar 2023****um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

Aðgerðirnar sem vísað er til í gr. 4g í ákvörðun 2014/512/SSUÖ skulu gilda frá 1. febrúar 2023 varðandi allar rekstrareiningar sem vísað er til í punkti (2) í viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2022/2478.

Fylgiskjal 7.29.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/191****frá 27. janúar 2023****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

Ákvörðun þessi skal gilda til 31. júlí 2023. (Efnisútdráttur).

Fylgiskjal 7.30.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/252****frá 4. febrúar 2023****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Hinn 6. október 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/1909⁽²⁾, þar sem innleidd er undanþága frá banninu við sjóflutningum og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð, í tengslum við sjóflutninga til þriðju landa á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, sem keyptar eru á verði sem er jafnt eða undir fyrirfram ákveðnu verðþaki sem er samþykkt af Verðþaksbandalaginu (e. Price Cap Coalition). Þessi undanþága á að milda skaðlegar afleiðingar á orkuframboð til þriðju landa og draga úr verðhækkunum sem stafa af óvenjulegum markaðsaðstæðum, en takmarka um leið olíutekjur Rússa.
- 4) Hinn 3. desember 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/2369⁽³⁾ sem fastsetti verðþak fyrir hráolíu, þ.e. það verð á hverja tunnu sem ekki má fara yfir til þess að hráolía frá Rússlandi sé undanþegin banninu við sjóflutningum á slíkri hráolíu til þriðju landa og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við sjóflutninga á slíkri hráolíu til þriðju landa.
- 5) Í ljósi ástandsins og að teknu tilliti til skilvirkni aðgerðarinnar í ljósi áætlaðra niðurstaðna, alþjóðlegrar fylgni við og óformlegrar samræmingar við verðþakskerfið og mögulegra áhrifa á Sambandið og aðildarríki þess er rétt að innleiða tvö viðbótar verðþök á jarðolíuafurðir, þ.e. það verð á hverja tunnu sem ekki má fara yfir til þess að jarðolíuafurðir frá Rússlandi séu undanþegnar banninu við sjóflutningum á slíkum vörum til þriðju landa og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við sjóflutninga á slíkum vörum til þriðju landa. Einkum þykir rétt að taka upp eitt verðþak fyrir jarðolíuafurðir þegar viðskipti eru með afslætti af hráolíu („afsláttur af hráolíu“) og annað verðþak fyrir jarðolíuafurðir þegar viðskipti eru með yfirverði á hráolíu („yfirverð á hráolíu“).
- 6) Einnig er rétt að innleiða 55 daga umbreytingartímabil fyrir skip sem flytja jarðolíuafurðir sem eru upprunnar í Rússlandi og voru keyptar og settar um borð í skipið fyrir 5. febrúar 2023 og affermdar fyrir 1. apríl 2023.

- 7) Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/2369 er innleidd regluleg endurskoðun á verðþakskerfinu. Frá og með miðjum mars 2023 ætti að byggja endurskoðunina á hlutlægum gögnum sem framkvæmdastjórnin afhendir ráðinu á tveggja mánaða fresti. Gögnin ættu að innihalda upplýsingar um verð á hráolíu og hreinsuðum olíuvörum, frávik á endurskoðunartímabilinu og raunhæfar spár um verð á eftirfarandi tímabili. Framkvæmdastjórnin lætur einnig viðeigandi gögn um áætluð áhrif á rússnesk fjárlög, orkugeirann og aðildarríkin fylgja með. Á grundvelli þessara gagna, viðmiðananna í 12. mgr. 4. gr. p í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og skuldbindingarinnar um að breyta verðþakinu eins og þar er mælt fyrir um, mun æðsti fulltrúinn með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar leggja fram nauðsynlegar tillögur.
- 8) Einnig þykir rétt að gera tiltekna tæknilegar breytingar.
- 9) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 10) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 4. gr. o er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun ef þær er upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi.“
 - b) Í stað c-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) að því er varðar kaup, innflutning eða tilflutning sjófluttrar hráolíu og jarðolíuafurða sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.“
 - c) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Frá og með 5. desember 2022, og þrátt fyrir 1. og 2. mgr., geta lögbær stjórnvöld í Búlgaríu heimilað fram til 31. desember 2024 framkvæmd samninga, sem gerðir eru fyrir 4. júní 2022, eða fylgisamninga, sem nauðsynlegir eru vegna framkvæmdar slíkra samninga að því er varðar kaup, innflutning eða tilflutning á sjófluttri hráolíu og jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun, sem eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar út frá Rússlandi.“
 - d) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um kaup í Rússlandi á hráolíu eða jarðolíuafurðum, sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun, sem þörf er á til að uppfylla nauðsynlegar þarfir kaupandans í Rússlandi eða mannúðarverkefna í Rússlandi.“
- 2) Ákvæðum 4. gr. p er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist viðskiptum, miðlun eða flutningum, þ.m.t. með umskipunum milli skipa, til þriðju landa á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun sem eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan.“
 - b) Í stað setningarinnar „XXV. viðauki við reglugerð (ESB) nr. 833/2014“ í 4. og 5. mgr. kemur „XIII. viðauki við þessa reglugerð“.
 - c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Bönnin í 1. og 4. mgr. gilda ekki:

 - a) frá og með 5. desember 2022 um hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og frá og með 5. febrúar 2023 um jarðolíuafurðir sem falla undir SN-númer 2710 og eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan, að því tilskildu að innkaupsverð á tunnu af slíkum afurðum sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa ákvörðun,
 - b) um hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru á skrá í XIII. viðauka við þessa ákvörðun þegar þessar vörur eru upprunnar í þriðja landi og eru einungis settar um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þær vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur,

- c) um flutninga, eða um tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist slíkum flutningum, á vörum sem um getur í XII. viðauka við þessa ákvörðun til þeirra þriðju landa sem þar eru nefnd, á því tímabili sem tilgreint er í þeim viðauka,
- d) frá og með 5. desember 2022 um hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og er upprunnin í Rússlandi eða hefur verið flutt út þaðan og keypt á hærra verði en mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa ákvörðun og sett er um borð í skip í útskipunarhöfn fyrir 5. desember 2022 og affermd í lokaákvörðunarhöfn fyrir 19. janúar 2023,
- e) frá og með 5. febrúar 2023 um jarðolíuafurðir sem falla undir SN-númer 2710 og eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan og keyptar á hærra verði en viðkomandi verði sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa ákvörðun og settar eru um borð í skip í útskipunarhöfn fyrir 5. febrúar 2023 og affermdar í lokaákvörðunarhöfn fyrir 1. apríl 2023.“
- d) Í stað 12. mgr. kemur eftirfarandi:
- „12. Endurskoða skal virkni verðþakskerfisins, þ.m.t. XI. viðauka og bannanna í 1. og 4. mgr. þessarar greinar, fyrir miðjan mars 2023 og á tveggja mánaða fresti eftir það.
- Í endurskoðuninni skal taka tillit til skilvirkni aðgerðarinnar í ljósi áætlaðra niðurstaðna, framkvæmdar, alþjóðlegrar fylgni og óformlegrar samræmingar við verðþakskerfið og mögulegra áhrifa á Sambandið og aðildarríki þess. Hún skal bregðast við þróun á markaðinum, þ.m.t. hugsanlegum óróa.
- Til að ná fram markmiðum verðþaksins, þ.m.t. getu þess til að draga úr tekjum Rússlands af olíu, skal það vera a.m.k. 5% undir meðalmarkaðsverði á rússneskri olíu og jarðolíuafurðum, reiknað út á grundvelli gagna sem Alþjóðaorkumálastofnunin lætur í té.“
- 3) Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1909 frá 6. október 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 259, 6.10.2022, bls. 122).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2369 frá 3. desember 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 311, 3.12.2022, bls. 8).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2023/252/oj>].

Fylgiskjal 8.20.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/180

frá 27. janúar 2023

um framkvæmd ákvörðunar 2022/2474 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

Aðgerðirnar sem vísað er til í gr. 2f í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 skulu gilda frá 1. febrúar 2023 varðandi allar rekstrareiningar sem vísað er til í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2022/2474.

Fylgiskjal 8.21.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/250****frá 4. febrúar 2023****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/252 frá 4. febrúar 2023 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Hinn 6. október 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/1909⁽⁴⁾ þar sem innleidd er undanþága frá banninu við sjóflutningum og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð, í tengslum við sjóflutninga til þriðju landa á hráolíu eða jarðolíuafurðum sem eru upprunnar í eða fluttar út frá Rússlandi, sem keyptar eru á verði sem er jafnt eða undir fyrirfram ákveðnu verðþaki sem er samþykkt af Verðþaksbandalaginu (e. Price Cap Coalition). Þessi undanþága á að milda skaðlegar afleiðingar á orkuframboð til þriðju landa og draga úr verðhækkunum sem stafa af óvenjulegum markaðsádstæðum, en takmarka um leið olíutekjur Rússa.
- 4) Hinn 3. desember 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/2369⁽⁵⁾ sem fastsetti verðþak fyrir hráolíu, þ.e. það verð á hverja tunnu sem ekki má fara yfir til þess að hráolía frá Rússlandi sé undanþegin banninu við sjóflutningum á slíkri hráolíu til þriðju landa og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við sjóflutninga á slíkri hráolíu til þriðju landa.
- 5) Hinn 4. febrúar 2023 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2023/252. Í þeirri ákvörðun er komið á tveimur viðbótar verðþökum á jarðolíuafurðir, þ.e. það verð á hverja tunnu sem ekki má fara yfir til þess að jarðolíuafurðir frá Rússlandi séu undanþegnar banninu við sjóflutningum á slíkum vörum til þriðju landa og banninu við að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða fjármögnun eða fjárhagsástoð í tengslum við sjóflutninga á slíkum vörum til þriðju landa: eitt fyrir jarðolíuafurðir þegar viðskipti eru með afslætti af hráolíu („afsláttur af hráolíu“) og annað fyrir jarðolíuafurðir þegar viðskipti eru með yfirverði á hráolíu („yfirverð á hráolíu“).
- 6) Með ákvörðun (ESB) 2023/252 er innleitt 55 daga umbreytingartímabil fyrir skip sem flytja jarðolíuafurðir sem eru upprunnar í Rússlandi og voru keyptar og settar um borð í skipið fyrir 5. febrúar 2023 og affermdar fyrir 1. apríl 2023.
- 7) Með ákvörðun (SSUÖ) 2022/2369 er innleidd regluleg endurskoðun á verðþakskerfinu. Frá og með miðjum mars 2023 ætti að byggja endurskoðunina á hlutlægum gögnum sem framkvæmdastjórnin afhendir ráðinu á tveggja mánaða fresti. Gögnin ættu að innihalda upplýsingar um verð á hráolíu og hreinsuðum olíuvörum, frávik á endurskoðunartímabilinu og raunhæfar spár um verð á eftirfarandi tímabili. Framkvæmdastjórnin lætur einnig viðeigandi gögn um áætluð áhrif á rússnesk fjárlög, orkugeirann og aðildarríkin fylgja með.
- 8) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 9) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 3. gr. n í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liður bætist við 6. mgr.:

„e) frá og með 5. febrúar 2023 um jarðolíuafurðir sem falla undir SN-númer 2710 og eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan og keyptar á herra verði en viðkomandi verði sem mælt er

fyrir um í XXVIII. viðauka og settar um borð í skip í útskipunarhöfn fyrir 5. febrúar 2023 og affermdar í lokaákvörðunarhöfn fyrir 1. apríl 2023.“

2) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„11. Endurskoða skal virkni verðþakskerfisins, þ.m.t. XXVIII. viðauka og bannanna í 1. og 4. mgr. þessarar greinar, fyrir miðjan mars 2023 og á tveggja mánaða fresti eftir það.

Í endurskoðuninni skal taka tillit til skilvirkni aðgerðarinnar í ljósi áætlaðra niðurstaðna, framkvæmdar, alþjóðlegrar fylgni og óformlegrar samræmingar við verðþakskerfið og mögulegra áhrifa á Sambandið og aðildarríki þess. Hún skal bregðast við þróun á markaðinum, þ.m.t. hugsanlegum óróa.

Til að ná fram markmiðum verðþaksins, þ.m.t. getu þess til að draga úr tekjum Rússlands af olíu, skal það vera a.m.k. 5% undir meðalmarkaðsverði á rússneskri olíu og jarðolíuafurðum, reiknað út á grundvelli gagna sem Alþjóðaorkumálastofnunin lætur í té.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2023.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. ROSWALL

⁽¹⁾ Stjtið. ESB 32 I, 4.2.2023.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/1909 frá 6. október 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 259, 6.10.2022, bls. 122).

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2369 frá 3. desember 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 311 I, 3.12.2022, bls. 8).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2023/250/oj>].

Fylgiskjal 8.22.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (SSUÖ) 2023/251

frá 4. febrúar 2023

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

Viðauka XXVIII við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2023/251/oj].